

son, f. 28/2 1886, var í morgun staddur á landhelgissvæðinu á skipi sínu, togaranum »Beverlac«, H 72, frá Hull, með ólöglegan umbúnað veiðarfæra og að verka fisk, sem var á þilfari skipsins.

Með þessu hefir kærði gert sig brotlegan gegn 2. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og 3. gr. laga nr. 33, 1922, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin sekt að upphæð 3000 krónur, sem greiðist innan fjöggra vikna, og renna í Landhelgissjóð Íslands kr. 2500 — en í rikissjóð kr. 500,00.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 28. nóv. 1930.

69/1930.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Charles Leonard Dixon (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 31. maí 1930: Kærði, Charles Leonard Dixon, á að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands að upphæð kr. 16000,00, innan fjöggra vikna. En fáist sektin ekki greidd, ber kærða að afplána hana með 8½ mánaða einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum F. D. 182, »Lorinda«, frá Fleetwood, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Svo greiði kærði og allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður,

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Miðvikudaginn hinn 28. maí 1930 var varðskipið »Ægir« á leið austur með Portlandi, og sáust þá nokkrir togarar undan Mýrdalsvík, og var einn þeirra það grynnt, að hann, frá varðskipinu séð, virtist vera á landhelgissvæðinu. Stefndi togari þessi til lands.

Kl. 03,21 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð á varðskipinu:

Hatta $\neq$ Portlandshorn.

> til Hjörleifshöfða $24^{\circ} 15'$, og

> milli Höttu og togarans 45° .

Kl. 03,36 var þessi staðarákvörðun gerð:

Búrfell $\neq$ Portlandsvita > til Hjörleifshöfða $79^{\circ} 39'$ og Hjörleifshöfði > til togarans $23^{\circ} 20'$. Samtímis sneri togarinn frá landi.

Kl. 03,45 var þriðja staðarákvörðunin gerð.

Pétursey $\neq$ Portlandsvita > til Hjörleifshöfða $109^{\circ} 57'$, Hjörleifshöfði > til togarans 35° .

Kl. 04,00 sást, að togarinn nam staðar, og tveim mínútum síðar kom varðskipið að honum og setti út dufl hjá honum.

Reyndist togarinn að vera skipið F. D. 132, »Lorinda«, frá Fleetwood, er kærði er skipstjóri á. Togarinn var þá með bakborðsvörpu í sjó, og var verið að draga hana upp. Var nokkuð af fiski í vörpunni.

Kl. 04,10 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun hjá duflinu:

Portlandsviti

> $31^{\circ},00'$

Hatta

> $62^{\circ},51'$

Hjörleifshöfði.

Dýpið mældist 99 metrar.

Samkvæmt þessari síðastnefndu staðarákvörðun var togarinn því 0,4 sm. utan landhelgislinunnar, er hann nam staðar.

Í prófum málsins hefir kærði kannazt við það, að hann hafi togað í 30—35 mínútur áður en skip hans var stöðvað. Kærði hefir heldur eigi vefengt það,

að skip sitt hafi verið í þeim miðunarlinum, sem ræðir um í hinum þremur fyrstu staðarákvörðunum varðskipsins, sem getið er hér að framan, á þeim tíma, er staðarákvarðanir þessar voru gerðar. Miðunarlinur þessar hafa verið markaðar á sjókort, bæði af foringja varðskipsins og af forstöðumanni stýrimannaskólans, og sýna þær staðsetningar, að allar þessar þrjár miðunarlinur liggja innan landhelgislinunnar á öllu því svæði, sem þýðingu getur haft í þessu máli. Þó því skýrsla kærða um, að hann hafi togað aðeins 30 mínútur, áður en skip hans var stöðvað af varðskipinu, sé lögð til grundvallar, þá er ljóst af framansögðu, að hann hefir verið að veiðum með botnvörpu innan landhelgi, er staðarákvörðunin, kl. 03,36, var tekin, en þá var hann næst landi, og síðan, þar til skip hans var komið út úr landhelginni, og hefir hann þannig gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og með því að kærði hefir í október 1927, með dómi lögregluréttar Siglufjarðar, sætt sektum fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar í landhelgi, ber nú að refsa honum fyrir brot í annað sinn á nefndum lögum, og ákveðst refsing hans 15000 kr. sekt til Landhelgissjóðs, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms. Hinsvegar verður kærðum af þeim ástæðum, sem getur í forsendum hins áfrýjaða dóms, eigi gerð fangelsisrefsing samkv. 5. gr. nefndra laga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 120 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Charles Leonard Dixon, skipstjóri á botnvörpuskipinu F. D. 182, »Lorinda«, frá Fleetwood, greiði 15000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað skal lögregluréttardóminum óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 120 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu hins opinbera gegn kærðum, Charles Leonard Dixon, skipstjóra á botnvörpunum F. D. 182, »Lorinda«, frá Fleetwood, fyrir að hafa gerzt brotlegur við lög um bann gegn botnvörpuveiðum.

Skipherrann á varðskipinu »Ægir« tók togarann, og er skýrsla skipherrans lögð fram í réttinum sem nr. 1.

Kærði hefir játað, að hann hafi verið með skip sitt inn á landhelgissvæðinu í linum þeim, sem dregnar eru á hinu framlagða korti frá varðskipinu, rskj. nr. 2, og merktar rómverskum bókstöfum I—III.

Að öðru leyti er skýrsla kærðs á þessa leið. Hann kveðst hafa sofið þann tíma, sem skipið var inn á landhelgissvæðinu, en stýrimaður hans hafði komið til hans og sagt honum, að skip væru í kringum boju, og hafði kærði þá sagt stýrimanni að halda til skipanna, og stöðvaði stýrimaður skipið landmegin við bojuna.

Skipstjóri tók nú við stjórninni, og þar sem hann veitti því eftirtekt, að bojan var innan við landhelgislinuna, hélt hann skipinu út frá landi í 10—13 mínútur, og kastaði út vörpunni hér um bil $\frac{1}{2}$ sjómílu frá bojunni.

Kveðst kærði fyrst hafa kastað í VSV til SV, en vegna annars skips snúið til SA, og haldið þeirri stefnu í 15—17 mínútur, og því næst 5—8 mínútur í SV. Vörpuna kvaðst hann hafa dregið inn þegar varðskipið kom. Kveðst kærði hafa kastað vörpunni um 8 mínútum áður en varðskipið skaut, og hafa togað nálega 30—35 mínútur áður en hann var stöðvaður.

Kærði kveðst enga skýrslu geta gefið um siglingu skipsins á landhelgissvæðinu, þar eð hann hafi sofið.

Kærði kveðst hafa kastað vörpunni eins og áður greinir 8 mínútum áður en varðskipið skaut, með öðrum orðum kl. 3,49, en eftir mælingu varðsupsins var skip kærða í línu III á kortinu kl. 3,45. Kærður hlýtur því að hafa verið mjög nærri þessari línu, þegar hann kastaði út vörpunni, og því inn á landhelgissvæðinu. Því eins og kortið, rskj. nr. 2, ber með sér, liggur lína III á því svæði, sem hér um ræðir, svo langt inn á landhelgissvæðinu, að kærði virðist varla hafa getað verið kominn á 4 mínútum út fyrir landhelgina.

Þá hafa vitnin Carthy, Clark og Steward borið það í byrjun, að vörpunni hafi verið kastað út og togað $\frac{1}{2}$ eða röskan $\frac{1}{2}$ tíma áður en skipið skaut. Nú skaut varðskipið kl. 3,57, og eftir því hefir vörpunni verið kastað út kl. 3,27, en eftir skýrslu varðsupsins var skipið þá á leið inn að landi, því það snéri ekki út frá landinu fyr en kl. 3,36, og var þá kl. 3,36 í línu II, sem liggur inn á landhelgissvæðinu. Raunar breytti vitnið Steward, áður en það var eiðfest, framburði sínum á þá leið, að þeir hefðu togað röskan hálf tíma frá því þeir köstuðu vörpunni og þangað til hún var dregin inn, en þetta virðist aðeins gera 5 mínútna mun, kl. 4,02 var varpan undin inn, sbr. skýrslu varðsupsins. Þá breytti vitnið Clark framburði sínum, áður en það var eiðfest, á þá leið, að þeir hefðu kastað vörpunni 15—20 mínútum áður en varðskipið skaut, eða kl. 3,42, en jafnvel eftir þessum framburði var skipið í landhelgi, því kl. 3,45 er það í línu III, sem liggur um landhelgissvæðið.

Eftir framburði þessa þriggja eiðfestu vitna þykir því mega ráða, að skipið hafi dregið vörpuna um landhelgissvæðið.

Framburður 1 stýrimanns á togaranum þykir yfirleitt á reiki. Hann kveðst engar mælingar hafa gert og engar upplýsingar geta gefið um hreyfingar skipsins á landhelgissvæðinu.

Rétt þykir að taka fram, að þar eð kærði engum mótmælum hefir hreyft út af mælingum varðs skipsins, þykir mega leggja þær til grundvallar að öllu leyti í máli þessu, sem og þar af leiðandi hreyfingar skipsins.

Kærði hefir véfengt tímaákvæðanir varðs skipsins, en þar eð kærði enga tilraun hefir gert til þess að sýna á hvern hátt eða að hverju leyti þær séu rangar, þá þykir einnig mega byggja á þeim í málinu.

Þegar af ástæðum þeim, sem að framan eru greindar, þykir næg sönnun fengin fyrir því, að kærður hafi togað inn á landhelgissvæðinu og þannig gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5, 18. maí 1920.

Með dómi lögregluréttar Siglufjarðar, uppkveðnum 21. október 1927, var kærði dæmdur í 12500 króna sekt fyrir samskonar brot og verður að taka tillit til þessa við sektarákvörðunina. Þá kemur og til álita, hvort hann skuli dæmdur til fangelsishegningar samkvæmt 5. gr. nefndra laga.

Rétturinn er þeirrar skoðunar, að ekki beri að láta fangelsishegningu koma til greina nema í þeim tilfellum þar sem örugg vissa er fengin fyrir því, að skipið hafi farið í upphafi inn á landhelgissvæðið með vitund og vilja skipstjóra, en þetta þykir ekki sannað hér, þar sem frekar virðist svo sem skipið hafi farið inn fyrir landhelgislinuna á meðan skipstjóri var í svefni. Þykir því í þetta sinn mega sleppa kærða við fangelsishegningu.

Sekt sú, er kærða ber að greiða, þykir með hliðsjón af, að gildandi gullgengi krónunnar er kr. 81,79, hæfilega ákveðin kr. 16000,00, sem greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 8½ mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd.

Sektin rennur í Landhelgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áður nefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.